

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]
um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernharð Stefánsson, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fá hentugt skip, er annist landhelgisgæzlu fyrir Norðurlandi í vetur og aðstoði fiskiskip, ef með þarf.

Greinargerð.

Bátaútgerð hefur undanfarin ár farið vaxandi fyrir Norðurlandi, og má gera ráð fyrir enn frekari aukningu þeirrar útgerðar vegna stækkunar landhelginnar. Um leið eykst einnig þörfin á því að halda uppi sem beztri gæzlu landhelginnar, og jafnframt er þess mikil nauðsyn vegna öryggis bátanna, að skip sé staðsett nyrðra, er geti veitt þeim aðstoð, ef með þarf, meðan ekki hefur verið fengið sérstakt björgunarskip fyrir Norðurland. Er það því mikið hagsmunamál sjómanna og útvegs-
manna fyrir norðan, að hægt verði að fá skip í vetur, er hafi það verkefni, er í til-
lögu þessari segir.

Nánari grein mun verða gerð fyrir máli þessu í framsögu.